




Reykjavík, 01. febrúar 2024

## Fljótasel 20-36 – USK23100258 -Fyrirspurn vegna skúrs fyrir hita- og rafmagnslagnir

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur, dags. 22. október 2023, um að setja skúr sem hýsir hita- og rafmagnslagnir fyrir bílskúra lóðarinnar nr. 20-26 við Fljótasel á bak við bílskúr sem tilheyrir húsi nr. 20 við Fljótasel. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1.2.2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag, skilmálaeingin 13



Loftmynd

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Fljótasel 20-36 í skilgreindri íbúðarbyggð.

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Efra Breiðholt sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2022, með síðari breytingu frá 26. október 2022. Fljótasel 20-36 er innan skilmálaeiningar 6.2.13 í hverfisskipulagi.

### Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi staðsetningu skúrs fyrir hita og rafmagnslagnir í borgarlandi fyrir aftan bílskúr nr.20.

Lagnir fyrir bílskúra 20-36 eru staðsettar í bílskúr nr.20. Til að uppfylla ákvæði núverandi byggingareglugerðar um aðgengi allra að lögnunum og ósk eigenda bílskúrs nr. 20 er vilji fyrir að byggja skúr u.þ.b. 140cm á breidd, 180cm á hæð og 60cm á dýpt. Landið fyrir aftan skúr nr.20 er í eigu Reykjavíkurborgar.

Umfang skúrsins telst óverulegt og mun að öllum líkindum ekki skerða notkun borgarlandsins eða ásýnd þess.

**Niðurstaða**

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

**F.h Skipulagsfulltrúa**

Britta Magdalena Ágústsdóttir landslagsarkitekt/verkefnastjóri hjá hverfisskipulagi Reykjavíkur.